

Tilkynningar

Félag eldri borgara í Rvík og nágrenni

Handavinna og fundur í Risinu kl. 13 í dag. Hressingarleikfimi á mánudögum og fimmtudögum kl. 10.30 í Víkingsheimilinu, Stjörnugróf. Reimleikar í Risinu fimmtudag, laugardag og sunnudag. Miðar við innganginn.

Hafnargönguhópurinn

Í dag rifjar HGH upp gamlar leiðir frá Reykjavík fram á Nes. Gengið verður frá Hafnarhúsinu kl. 20, upp Grófina og Aðalstræti og upp á Landakotshæðina. Þar getur göngufólk valið um tvær leiðir. Þá eldri og styttri sem farin var eftir Eidsgrandanum að gamla bæjarstæðinu á Eiði eða þá yngri og lengri sem farin var; suður í Kaplaskjól og áfram rétt ofan Lambastaða. Frá Lambastöðum verður gengið þvert yfir að Eiði. Þar hittast hóparnir og ganga saman til baka að Hafnarhúsinu. Lítið verður inn hjá Gunnari skipasmíð og fylgst með smíði víkingaskipsins. Allir eru velkomnir í ferð með HGH.

Breytingar á stuttbylgjusendingum

Fjarskiptastöðin í Gufunesi hefur nýverið breytt um tíðir á fréttasendingum til meginlands Evrópu á kvöldin vegna slæmra hlustunarskilyrða á þeim tíðum sem notaðar hafa verið. Frá og með 15. febrúar verða fréttasendingar útvarpsins á stuttbylgju sem hér segir: Til meginlands Evrópu - Kl. 12.15-13 á 13860 og 15775 kHz. Kl. 18.55-19.30 á 11402, 5060, 7870, 9275 kHz. Til Ameríku - Kl. 14.10-14.40 á 13860 og 15770 kHz. Kl. 19.35-20.10 á 13860 og 15770 kHz. Kl. 23.00-23.35 á 11402 og 13860. Að loknum hedeisfréttum á laugardögum og sunnudögum er sent fréttayfirlit liðinnar viku. Hlustunarskilyrði á stuttbylgju eru breytileg. Suma daga heyrir mjög vel en aðra vegg og stundum jafnvel ekki.



Leikfélag Akureyrar
ÓVÆNT HEIMSÓKN
 eftir J.B. Priestley
 SÝNINGAR:
 Fimmtudag 23. febrúar kl. 20.30.
 Föstudag 24. febrúar kl. 20.30.
 Síðustu sýningar.

Á SVÖRTUM FJÖÐRUM
 -úr ljóðum Davíðs Stefánssonar
 SÝNINGAR:
 Laugardag 25. febrúar kl. 20.30.
 Sunnudag 26. febrúar kl. 20.30.
 Fáar sýningar eftir.

Miðasalan í Samkomuhúsinu er opin alla virka daga nema mánudaga kl. 14-18 og sýningardaga fram að sýningu. Sími 24073. Símsvari tekur við miðapöntunum utan opnunartíma. Greiðslukortapjónusta.

Breyttur afgreiðslutími Víkingalottós á miðvikudögum

Ákveðið hefur verið að afgreiðslutími Víkingalottósins muni í framtíðinni fylgja breytingum á sumar- og vetrartíma í Evrópu. Breytingin felst í því að á veturna lokar sölukefni Víkingalottósins kl. 17 á miðvikudögum en ekki kl. 16 eins og verið hefur. Þessi ný afgreiðslutími tekur gildi nú þegar og verður í gildi til og með 22. mars en þá mun afgreiðslutími aftur breytast í fyrra horf, þ.e. til kl. 16 á miðvikudögum. Vetrartími frá 10.02.95 til og með 22.03.95 verður lokað fyrir sölu kl. 17 á miðvikudögum. Sumartími frá 28.03 til og með 20.09 verður lokað fyrir sölu kl. 16 á miðvikudögum.

Menning

Kjarvalsstaðir:

Ullarhandrit

-sýning Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá

Veflistin og ritlistin hafa hingað til ekki verið taldar nákomnar listgreinar. Það viðhorf kann þó að breytast hjá þeim er skoða sýningu Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá sem opnuð var á laugardag á Kjarvalsstöðum. Í nokkrum verka sinna felur Kristín letur í þæfðum ullarflóka sem í fjarlægð minnir á handgerðan pappír. Letrið er samfelld fingerð skrift í anda nitjándu aldar skrifara og viðfangsefnið er bóndabýli, jafnt í byggð sem í eyði - öll með sögu. Listakonan breytir viðhorfi gestsins bæði til efnis og inntaks verka sinna með því að ull reynist pappír og bæjaheitin eru sett í nýtt en þó þjóðlegt og náttúrulegt sambengi ullarflókans.

Bæjaheiti sem goðsagnir

Í fróðlegum texta Ólafs Gíslasonar í vel hannaðri og eigulegri skrá sýningarinnar kemur fram að listakonan telji sig vera að skapa nýja merkingu með því að tengja saman ritlist og veflist; gagnvart sér hafi hvorug listgreinin merkingu út af fyrir sig heldur öðlist þær aðeins merkingu saman. Ólafur bregður ljósi á þessi orð Kristínar með því að vitna í franska bókmenntafræðinginn Ronald Barthes og kenningar hans um goðsögur í samtímanum. Móðruvellir hafi t.d. gagnvart flestum goðsögulega merkingu sem sögufrægt höfuðból sem skyggi á hina upphaflega gagnsæju merkingu bæjarnafnsins er vísi til náttúruleikna. Þannig skapast að

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

mati Barthes fjarlægð og jafnvel fíring frá viðfangsefninu sem einungis sé hægt að afhjúpa með því að goðgera goðsagnirnar sjálfar. Upphaflega rænið goðsagan bæjarheitið merkingu sinni, en það má einnig setja í nýtt sambengi. Bæjarheitið hefur ekki lengur goðsögulega tilvísun í landslag eða sögu í verkum Kristínar, heldur verður það að styðjast við ullarflókann. Þannig hefur listakonan fundið bæjaheitinum nýjan og hlutlausan vettvang til að verða viðfang nýrra goðsagna.

Nýstárleg notkun ullarinnar

Hér eru einnig ekki síður athyglisverð verk er samanstanda af plexípípum sem Kristín hefur dregið ull í gegnum. Þessi ull er óþæfð, ýmist lituð eða í náttúrulegum lit. Ullarpípurarnar snúa ýmist lóðrétt eða lárétt á vegg líkt og í verkunum Tokkata og Upp eða lóðrétt í miðju rými eins og í verkinu Blús. Í tveimur verkum er nefnast Fúga I-II eru þær hins vegar bundnar saman með nælonþræði ofan á stöplum. Blús er tvímálalaust með eftirtektarverðustu verkum sýningarinnar ásamt textaverkunum. Þar fær gesturinn að njóta óvenjulegs sjónarspils sólar og bláitaðrar ullar þegar sólar nýtur, a.m.k. um hádegis. Þessi aðferð að leiða ullina í gegnum plexiglerspípu færir veflistina inn á nýjar brautir þar sem skúlptúr og hugmyndalist af ýmsu tagi hefur þótt einráð til þessa. Einnig bregður hún nýju ljósi á möguleika ullarinnar sem hráefnis. Það er greinilega ekki nauðsynlegt að fullvinna ullina áður en hún er notuð til listsköpunar. Ullin nýtur sín nefnilega ekki síður í verkum eins og þessum þar sem hún er sem næst upphafsreit.

Leikhús



LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Stóra svið kl. 20.

DÖKKU FÍÐRILDIN
 eftir Leenu Lander
 Þýðandi: Hjörtur Pálsson
 Leikgerð: Páll Baldvín Baldvinsson
 Leikmynd: Steinþór Sigurðsson
 Búningar: Stefania Adolfsdóttir
 Dansahöfundur: Nanna Ólafsdóttir
 Lýsing: Lárus Björnsson
 Sýningarstjóri: Ingibjörg Bjarnadóttir
 Leikstjóri: Eija-Elina Bergholm

Leikarar: Ari Matthiasson, Benedikt Erlingsson, Eyjólfur Kári Friðbjósson, Guðmundur Ólafsson, Hanna María Karlsdóttir, Jón Hjartarson, Jakob Þór Einarsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, Magnús Jónsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sigurður Karlsson, Stefán Sturla Sigurjónsson, Steinunn Ólafsdóttir, Theodor Júlíusson, Þróstur Leó Gunnarsson.
 Dansarar: Tinna Grétarsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir.
 Frumsýning laugard. 4/3, 2. sýning sunnud. 5/3, grá kort gilda.

LEYNIMELUR 13
 eftir Harald Á. Sigurðsson, Emil Thoroddsen og Indriða Waage.
 Laugard. 25. febr., allra síðasta sýning, fáein sæti laus.

Litla svið kl. 20:
ÓFÆLNA STÚLKAN
 eftir Anton Helga Jónsson.
 Laugard. 25/2 kl. 16, sunnud. 26/2 kl. 16.

Söngleikurinn
KABARETT
 Höfundur: Joe Masteroff,
 eftir leikriti Johns Van Drutens og sögum Christophers Isherwoods
 Föstud. 24/2, fáein sæti laus, sunnud. 26/2, föstud. 3/3, laud. 11/3.

Litla svið kl. 20:
FRAMTÍÐARDRAUGAR
 eftir Þór Tulinius
 Fimmtud. 23/2, uppselt, föstud. 24/2, uppselt, sunnud. 26/2, uppselt, þriðjud. 28/2, uppselt, miðvikud. 1/3, uppselt, fimmtud. 2/3, uppselt, föstud. 3/3, örfá sæti laus, laugard. 4/3, örfá sæti laus, sunnud. 5/3, uppselt, miðvikud. 8/3, uppselt.

Miðasala verður opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00-20.00. Miðapantanir í síma 680680 alla virka daga frá kl. 10-12.

Munið gjafakortin okkar
Greiðslukortapjónusta.
Leikfélag Reykjavíkur - Borgarleikhús



ÍSLENSKA ÓPERAN
 Sími 91-11475

La Traviata

Tónlist: Giuseppe Verdi
 Föstud. 24. febr., uppselt, sunnud. 26. febr., uppselt, föstud. 3/3, laugard. 4/3. Sýningar hefjast kl. 20.00.
 Ósottar pantanir seldar 3 dögum fyrir sýningardag.
 Miðasalan er opin kl. 15-19 daglega, sýningardaga til kl. 20. SÍMI 11475, bréfasími 27384. GREIÐSLUKORTAPJÓNUSTA

NEMENDALEIKHÚSÍÐ LINDARBÆ - SÍMI 21971
TANGÓ
 í leikstjórn Kjartans Ragnarssonar
 9. sýn. föstud. 24/2 kl. 20, 10. sýn. lau. 25/2 kl. 20.00, 11. sýn. sun. 26/2 kl. 20.00.
 Takmarkaður sýningafjöldi.
 Miðapantanir allan sólarhringinn.



99.17.00
 Verð aðeins 39,90 mín.



ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ
 -Sími 11200

Stóra svið kl. 20.00

Söngleikurinn WEST SIDE STORY
 eftir Jerome Robbins og Arthur Laurents
 við tónlist Leonard Bernstein
 Frumsýning 3/3, fáein sæti laus, 2. sýn. ld. 4/3, nokkur sæti laus, 3. sýn. föd. 10/3, nokkur sæti laus, 4. sýn. ld. 11/3, örfá sæti laus, 5. sýn. föd. 17/3, 6. sýn. ld. 18/3, örfá sæti laus.

GAURAGANGUR
 eftir Ólaf Hauk Símonarson
 Á morgun, uppselt, 25/2, uppselt, fid. 2/3, uppselt, 75. sýning. Aukasýningar vegna mikillar aðsóknar; fid. 9/3, þrd. 14/3, mvd. 15/3.

FÁVITINN
 eftir Fjodor Dostojevski
 Föd. 24/2, uppselt, sud. 5/3, sud. 12/3, fid. 16/3.

SNÆDROTTNINGIN
 eftir Evgeni Schwartz
 Byggt á ævintýri H.C. Andersens
 Ld. 25/2 kl. 14.00, uppselt, sud. 5/3 kl. 14.00, sud. 12/3 kl. 14.00, sud. 19/3 kl. 14.

SÓLSTAFIR - NORRÆN MENNINGARHÁTÍÐ
 BEAIVVAS SAMI TEAHTER

SKUGGAVALDUR
 eftir Inger Margrethe Olsen
 Leikstjóri Haukur J. Gunnarsson
 Sunnud. 26. febr. kl. 20.00.

Smiðaverkstæði kl. 20.00
TAKTU LAGIÐ, LÓA!
 eftir Jim Cartwright
 Aukasýning í kvöld, uppselt, 7. sýn. föd., 24/2, uppselt, 8. sýn. sud. 26/2, uppselt, föd. 3/3, uppselt, ld. 4/3, uppselt, sud. 5/3, uppselt, mvd. 8/3, uppselt, föd. 10/3, uppselt, ld. 11/3, uppselt, fid. 16/3, uppselt, föd. 17/3, uppselt, ld. 18/3, uppselt, föd. 24/3, uppselt, ld. 25/3, uppselt, sud., 26/3, uppselt, fid. 30/3, laus sæti, föd. 31/3, laus sæti.
 Uppselt á allar sýningar í febr. og mars - ósottar pantanir seldar daglega.
 Litla svið kl. 20.30

OLEANNA
 eftir David Mamet
 Föd. 24/2, föd. 3/3, föd. 10/3, næstsíðasta sýning, sud. 12/3, síðasta sýning. Ath. Aðeins þessar 4 sýningar eftir.

Gjafakort í leikhús - Sigild og skemmtileg gjöf.

Miðasala Þjóðleikhússins er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Tekið á móti símapöntunum virka daga frá kl. 10.
 Græna línan 99 61 60. Bréfasími 61 12 00. Sími 11200 - Greiðslukortapjónusta.

Bæjarleikhúsið Mostellsbæ
LEIKFÉLAG MOSFELLSSVEITAR
MJALLHVÍT OG DVERGARNIR 7
 í Bæjarleikhúsinu, Mostellsbæ
 Laugard. 25. febr., uppselt, Sunnud. 26. febr., laus sæti. Sýningar hefjast kl. 15.00.
 Ath. Ekki er unnt að hleypa gestum í salinn eftir að sýning er hafin.
 Símsvari allan sólarhringinn í síma 667788



3 dagbók
 1 Læknavaktin
 2 Apótek
 3 Gengi



99.17.00
 Verð aðeins 39,90 mín.

- 1 þróttir**
- 1 Fótbolti
 - 2 Handbolti
 - 3 Körfubolti
 - 4 Enski boltinn
 - 5 Ítalski boltinn
 - 6 Þýski boltinn
 - 7 Önnur úrslit
 - 8 NBA-deildin

- 2 neytendur**
- 1 Vikutilboð stórmarkaðanna
 - 2 Uppskriftir

- 3 dagbók**
- 1 Læknavaktin
 - 2 Apótek
 - 3 Gengi

- 4 afþreying**
- 1 Dagskrá Sjónv.
 - 2 Dagskrá St. 2
 - 3 Dagskrá rásar 1
 - 4 Myndbandalisti vikunnar - topp 20
 - 5 Myndbandagagnrýni
 - 6 Ísl. listinn - topp 40
 - 7 Tónlistargagnrýni
 - 8 Nýjustu myndböndin

- 5 skemmtanir**
- 1 Krár
 - 2 Dansstaðir
 - 3 Leikhús
 - 4 Leikhúsgagnrýni
 - 5 Bíó
 - 6 Kvikmgagnrýni

- 6 vinningsnúmer**
- 1 Lottó
 - 2 Víkingalottó
 - 3 Getraunir

7 líkamsrækt og heilsa

- 1 Dagskrá líkamsræktarstöðvanna



99.17.00
 Verð aðeins 39,90 mín.